

## Borgarráðsfundir

### Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar

1. Undirbúningsfundir borgarráðs hefjast kl. 9:00 á þriðjudegi í viku hverri. Borgarráðsfundir hefjast kl. 9:00 á fimmtudögum.
2. Mál sem eiga að fara á dagskrá borgarráðs skulu hafa borist skrifstofu borgarstjórnar á netfangið [borgarradsgogn@reykjavik.is](mailto:borgarradsgogn@reykjavik.is) eigi síðar en kl. 12:00 á mánudegi, ásamt öllum fylgigögnum. Mál sem berast síðar eða án fylgigagna fara á dagskrá undirbúningsfundar að viku liðinni.
3. Öllum erindum til borgarráðs skal fylgja bréf til ráðsins þar sem fram kemur forsaga þess, málsnúmer, afgreiðsla í fagráði ef við á og bókanir ef við á. Þá skulu fylgja málinu öll nauðsynleg fylgi- og kynningargögn, þ.m.t. þau sem lögð voru fyrir viðkomandi fagráð. Í bréfinu skal einnig koma fram hvort óskað er staðfestingar borgarráðs á erindinu eða hvort um kynningu er að ræða. Einnig skal tilgreina óskir um frekari meðferð erindisins s.s. opinbera birtingu eða frekari staðfestingu, t.a.m. hjá ráðuneyti. Rafræn kynningargögn sem aðilar hyggjast nota við yfirferð erinda á fundi borgarráðs eiga að fylgja erindinu.
4. Ef gögn sem fylgja máli eru trúnaðarmerkt og eiga ekki að fara í útsendingu skal auðkenna þau sérstaklega á áberandi hátt sem slík auk þess sem vekja skal athygli skrifstofu borgarstjórnar á trúnaðarmerkingunni.
5. Mál sem enn eru í vinnslu skulu tilkynnt sérstaklega sem umræðumál á undirbúningsfundi og auðkennd sem slík í dagskrá fundarins.
6. Dagskrá undirbúningsfundar er send út í síðasta lagi kl. 17:00 á mánudegi. Á fundinn mæta, auk formanns borgarráðs og borgarstjóra, borgarritari, borgarlögmaður og þeir embættismenn og/eða starfsfólk sem tilkynnt hefur mál inn á fundinn. Skrifstofustjóri borgarstjórnar skráir minnispunkta á fundinum og gerir drög að dagskrá.
7. Tillögur borgarstjóra til borgarráðs þurfa að berast skrifstofu borgarstjórnar í síðasta lagi kl. 15:00 á þriðjudegi. Sömu tímafrestir gilda um svör borgarstjóra við fyrirspurnum. Þessi mál skal þó tilkynna á dagskrá eins og önnur mál í samræmi við ákvæði 2. gr. þessa reglna.

8. Ef í ljós kemur á undirbúningsfundi að vinna þarf frekar í máli sem er á dagskrá borgarráðs eða ef gögn vantar, skal fullvinna málið og senda endanleg gögn eigi síðar en kl. 12:00 á þriðjudegi. Að öðrum kosti er málið tekið af dagskrá.
9. Formaður borgarráðs stýrir fundum þess og skrifstofustjóri borgarstjórnar ritar fundargerð. Fundi borgarráðs sitja auk borgarstjóra og borgarráðsmanna, borgarritari og borgarlögmaður. Öðru starfsfólki borgarinnar er skylt að mæta á fundi borgarráðs þegar til umræðu eru málefni sem snerta störf þeirra og eru þeir þá boðaðir af skrifstofu borgarstjórnar á þriðjudegi.
10. Þegar málum er vísað til umsagnar og/eða yfirferðar annars staðar innan Reykjavíkurborgar eftir undirbúningsfund eða af fundi borgarráðs er að jafnaði veittur 21 dags frestur til afgreiðslu. Ef ekki er unnt að afgreiða mál innan frestsins, skal upplýsa skrifstofu borgarstjórnar um dráttinn, ástæður hans og tímasetningu endanlegra skila.
11. Skrifstofa borgarstjórnar sendir hverri skrifstofu í upphafi hvernar viku yfirlit yfir þau mál sem eru útistandandi og hvenær gert er ráð fyrir svari/umsögn. Að fresti liðnum fara málin sjálfkrafa á dagskrá undirbúningsfundar.
12. Þegar málum er vísað til meðferðar annars staðar innan borgarkerfisins eftir undirbúningsfund eða af fundi borgarráðs skal það fagsvið/skrifstofa sem fær málið til umfjöllunar tilkynna borgarráði sérstaklega um framvindu og afgreiðslu málsins að þremur mánuðum liðnum.

Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 8. janúar 2019